



## Kvika - Séreignasparnaður 3

Yfirlit 30.04.2021

### Um safnið

Kvika býður sjóðsfélögum sínum að ávaxta séreignasparnað sinn í dreifðum eignasöfnum að teknu tilliti til þeirrar áhættu sem sjóðsfélagar kjósa. Séreignasparnaður 3 fjárfestir í innlánnum og ríkisskuldabréfum og hlutabréfum. Séreignasparnaður 3 hefur heimild til að fjárfesta í hlutabréfum allt að 70%. Viðmið hlutabréfa í leiðinni er þó um 50%. Markmið Séreignasparnaðar 3 er að tryggja sjóðsfélögum sínum góða ávöxtun með fjárfestingum í hlutabréfum og skuldabréfum þar sem fjárfest er með góðri áhættudreifingu.

### Markaðspunktur

Miklar hræringar hafa átt sér stað á skuldabréfamarkaði frá því að verðbólga mældist verulega yfir væntingum í lok apríl og hefur mælingin hækkað 5 ára verðbólguálag á skuldabréfamarkaði úr 2,9% í 3,4% og 10 ára verðbólguálag hækkað úr 2,9% í 3,3%. Á sama tíma hefur markaðurinn farið frá því að verðleggja tiltölulega hóflegar vaxtahækkunar á næstu þremur árum í það að verðleggja að stýrivextir Seðlabanka Íslands hækki um 1% á þessu ári í 1,75%, um 1,5% árið árið 2022 og verði komnir í 4,5% haustið 2023. Ársþækkun á 10 ára vöxtum nú er hin mesta frá 2013 á sama tíma og stýrivextir hafa ekki áður verið lægri og atvinnuleysi meira.

Skuldabréfamarkaðurinn hefur nú þegar tekið af skarið og má reikna með u.þ.b. 0,5% vaxtahækkun á fastvaxta íbúðalánnum að óbreyttu. Hækki Seðlabankinn vexti og herði umhverfi til fasteignakaupa ætti það að öðru óbreyttu að styðja við krónuna og halda aftur af hækkingunni á húsnæðismarkaði og stuðla að lækkun verðbólgu, að endingu. Þrátt fyrir aukna bjartsýni 400 stærstu fyrirtækja í mars könnun SA voru fjárfestingaráform neikvæð. Verulegu hækkun á greiðslubyrði íbúðalána og vaxtabyrði fyrirtækja, eins og nú er verðlögð á markaði, myndi virka sem köld gusa á hagkerfi með hæsta stig atvinnuleysis sem mælst hefur. Við reiknum því með að Seðlabankinn láti vel í sér heyrna á næstunni en viðbrögðin verði ekki jafn harkaleg og markaðir gera ráð fyrir.

Hlutabréfamarkaðurinn heldur áfram að vaxa og dafna með aukinni veltu og innflæði. Lækkandi vextir og aukinn trúverðugleiki á að Íslandi takist að halda hlutfallslegum yfirburðum með endurreisn ferðaþjónustunnar hafa byggt undir markaðinn frá því hann botnaði á síðasta ári. Ávöxtunartölurnar frá botni hafa verið mjög háar, en því má ekki gleyma að innlendi hluti markaðarins var að koma úr langri eyðimerkurgöngu árin á undan sem var afleiðing afnáms hafta og útlæðis tengdu því. Í þessu umhverfi teljum við að rekstur banka og innlendra félaga sem hafa hagsmuni af ferðaþjónustu muni batna verulega. Aukinn hagvöxtur byggir undir sterkari skuldara og hærri vaxtamun bankastofnana. Sveiflur í ávöxtun munu aukast en við teljum enn að markaðurinn litist áfram af innflæði og neikvæðum raunvöxtum fram á veginn sem muni skila sér í góðri ávöxtun í árslok.

### Fjárfestingastefna

Tegund verðbréfa	Vikmörk	Núv. eign
Lausafé	0-50%	4,5%
Ríkisskuldabréf	10-75%	27,8%
Fyrirtækjaskuldabréf	0-10%	0,0%
Skuldabréf lánastofnana	0-30%	2,7%
Skuldabréf sveitarfélaga	0-20%	3,3%
Veðskuldabréf	0-20%	10,2%
Erlend skuldabréf	0-30%	3,9%
Aðrir skuldabréfasjóðir	0-25%	0,0%
Innlend hlutabréf	0-50%	31,2%
Erlend hlutabréf	0-50%	16,5%
<b>Samtals</b>		<b>100,0%</b>

Séreignasparnaður 3 er blönduð fjárfestingaleið sem fjárfestir í innlánnum, skuldabréfum og hlutabréfum. Séreignasparnaður 3 heimild til að fjárfesta í hlutabréfum allt að 70%. Séreignasparnaður 3 er hugsaður fyrir þann aldursþóp sem á að jafnaði töluverðan tíma eftir á vinnumarkaði þar sem þeir einstaklingar geta þolað töluverðar sveiflur í ávöxtun milli ára. Markmið sjóðsins er að eignir hans séu ávaxtaðar með hliðsjón af þeim kjörum sem best eru boðin á hverjum tíma með tilliti til ávöxtunar og áhættu.

Um eignasamsetningu Séreignasparnaðar Kviku gilda lög um skyldutryggingu lífeyfisséttinda og starfsemi lífeyfissjóða, nr. 129/1997 með síðari breytingum.

VERÐTRYGGINGAR  
HLUTALL \*)

53,9%

MÉDALTÍMI  
SKULDABRÉFA (ÁR)

3,42

\*) Verðtryggingarhlutfall; miðað við eign í skuldabréfum, þ.e. verðtryggt skuldabréf sem hlutfall af heildarskuldabréfum. Eignir í skuldabréfasjóðum/innlánnum ekki teknar með inni í hlutfallið.

Árleg umsýsluþáknun leiðarinnar er 0,55% af meðalstöðu eigna.

Fyrirvari: Yfirlit yfir séreignasparnað Kviku er unnið af starfsmönnum eignastýringar. Umfjöllunin skal ekki skoðast sem fullnægjandi lýsinga á þeirri séreignarleið sem fjallað er um. Upplýsingarnar hér að ofan eru settar fram eftir bestu samvisku þeirra sem vinna umfjöllunina miðað við þær upplýsingar sem lágu fyrir á þeim tíma sem hún var sett fram. Hafa ber í huga að ávöxtun í fortíð er hvorki vísbinding um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.

### Séreignasparnaður 3

hentar þeim sem vilja taka  
litla áhættu með  
séreignasparnað sinn. Virk  
stýring í innlánnum,  
ríkistryggtum skuldabréfum

Safnið er hugsað fyrir þann  
aldursþóp sem á að jafnaði  
töluverðan tíma eftir á  
vinnumarkaði þar sem þeir  
einstaklingar geta þolað  
töluverðar sveiflur í ávöxtun

Séreignasparnaður í Kviku  
er valkostur fyrir þá sem vilja  
greiða viðbótariðgjöld til að  
auðvelda fólki að hætta að  
fyrir vinna og stuðla að  
betri fjárhag eftir starfslok.

### Ávöxtun (\*\*)

Tímabil	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
1 mán	2,6%	2,1%
3 mán	6,5%	5,3%
Frá áramótum	22,3%	16,6%
1 ár	25,1%	19,9%
Frá upphafi	9,9%	7,3%

\*\*) Ávöxtun til eins árs eða skemmri tíma er sýnd sem ávöxtun á því tímabili. Fyrir lengra tímabil er sýnd árleg ávöxtun. Stofndagur: 1.2.2014.